

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 23. desember 2011

Sóley Stefánsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir,  
og Bryndís Jakobsdóttir spjalla um verk sín

## Jólaþögnin er víst til

- Vinsæl vefverslun
- Best klædda kona ársins
- Yfirheyrslan

VERÐ  
Kr. **29.950**  
SJÓNVARPS  
FLAKKARI

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

**SENDUM ALLAR VÖRUR  
FRITT FRAM AÐ JÓLUM**

- VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3
- 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700
- WWW.ATT.IS



**1TB WD Greenpower diskur  
í USB2 boxi sem tengist  
við sjónvarp án tölvu.**

### United HD MMP 9590

Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari sem  
spilar MKV skrár. Hægt er að spila beint af  
minnskortum og minnislyklum. Fullkomin  
fjarstýring og HDMI kapall fylgir.

# núna


\* Ilmur af grænu greni

## meðmælin

### Beint frá hönnuði

Verzlunarfjlagið er hönnunarverslun sem opnaði tímabundið við Laugaveg 95 og selur íslenska hönnun. Fyrirkomulagið er ekki ólíkt því sem gerist á mörkuðum, hönnuðir eru hver með sinn bás og selja beint til kunnans. Þannig gefst viðskiptavininum tækifæri á að kynna hönnuðin á bak við vöruna.

Te & kaffi kom einnig upp aðstöðu í húsnæðinu auk þess sem skipulagðir viðburðir munu eiga sér stað á kvöldin.



### Útitónleikar á Ingólfstorgi

Í kvöld verða árlegir jólatónleikar í boði Höfuðborgarstofu á Ingólfstorgi. Þrír tenórar munu syngja nokkur af þekktustu jóla-lögnum við undirspil Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur píanista. Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Gunnar Guðbjörnsson og Snorri Wium munu syngja allt frá klassískum verkum til vinsælla popplaga. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.



**FALLEGT Í PAKKANN** Vörurnar frá Signatures of Nature eru góðar í jólapakkann. Þessi gjafaaskja inniheldur mýkjandi Lemongrass-baðsalt og Body butter lemongrass sem endurnærir húðina. Vörurnar frá Signatures of Nature innihalda engin kemísk efni og henta því öllum húðgerðum.

Heiða Björg Bjarnadóttir á og rekur vefverslunina Myconceptstore.is:

# VÖRUR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM

Myconceptstore.is er lífsstílsvefverslun sem selur ýmsa smáhluti sem gleðja augað og fegra heimilið. Á síðunni má kaupa allt frá kertum og púðum til fatnaðar og skarts.

Heiða Björg Bjarnadóttir, ljósmyndari og viðskiptafræðingur, stofnaði Myconceptstore.is fyrir ári og sér einnig um allan daglegan rekstur vefverslunarinnar. Í september opnaði hún sýningarsal í Dalbrekku í Kópavogi og síðan þá hafa viðskiptin dafnað hratt og vel.

„Þetta er lífsstílsvefverslun og hér má finna vörur frá öllum heimshornum. Ég hef fylgst vel með tísku og hönnun í gegnum árin og veit hvað er heitt hverju sinni og vel vörur eftir því inn í verslunina. Það hefur verið brjál að gera fyrir jól en þó að það sé mikið að gera þá finnst mér skemmtilegt hvað fólk hefur tekið vel í verslunina og orkan eykst bara við það,“ útskýrir Heiða.

Hún hyggst opna Myconceptstore.com í nánustu framtíð og ná þannig til stærri og alþjóðlegri kunnahóps. „Ég vildi fyrst opna íslenska vefverslun og sjá



Vinsæl vefverslun Heiða Björg Bjarnadóttir, ljósmyndari og viðskiptafræðingur, rekur lífsstílsvefverslunina Myconceptstore.is. Verslunin býður upp á gott úrval fallegra muna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

hvernig hún gengi áður en ég hendi mér í djúpu laugina. Íslendingar hafa tekið mjög vel í verslunina, þó að margir vilji

enn koma á staðinn til að skoða vöruna í stað þess að kaupa hana í gegnum netið, og það virkar auðvitað mjög hvetjandi

á mann,“ segir Heiða að lokum. Áhugasömum er bent á vefslóðina [www.myconceptstore.is](http://www.myconceptstore.is).

[sara@frettabladid.is](mailto:sara@frettabladid.is)

## SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa NATURA KERATIN kraftaverkameðferð sem virka!

Haft eftir viðskiptavinum okkar:

Vilborg: Ég vaknaði á venjulegum tíma dreif mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við næstu 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!

Guðlaug: Besta fjárfestingin sem ég hef gert hvað varðar hár mitt!

Gledilega hátíð!



BYLTINGAKENND MEÐFERÐ ÞAR SEM KERATIN OG ALOE BARBADENSIS ER NOTUÐ TIL AÐ INNSIGLA HÁRIÐ. MÖGNUM MEÐFERÐ SEM GERIR HÁRIÐ MJÚKT, SLÉTTARI, HEILBRIGT OG GLANSANDI. ÞESSI MEÐFERÐ VIRKAR EINS OG KRAFTAVERK Á PURRT, ÚFÍÐ, VIÐKVÆMT OG BROTTHÆTT HÁR. BESTI KOSTURINN FYRIR LITÆÐ HÁR, HÁR MEÐ STRÍPUM EDA SKEMMT HÁR.

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐUR 5  
101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305

Iris Apfel hagnar snyrtivörulínu fyrir MAC:

## Ólíklegt samstarf

Iris Apfel innanhússhönnuður var fengin til að leggja snyrtivöruframleiðandanum MAC lið við sköpun á nýrri vörulínu. Línun inniheldur meðal annars varalíti, varabljánta og augnskugga.

Apfel er fædd árið 1921 og hefur verið viðloðandi hönnun og tísku nánast allt sitt líf. Hún starfaði meðal annars hjá Women's Wear Daily og rak fyrirtækið Old World Weavers ásamt manni sínum Carli Apfel. Hún hefur einnig tekið að sér að endurhanna vistarverur Hvíta hússins fyrir Truman, Eisenhower, Nixon, Kennedy, Johnson, Carter, Reagan og Clinton.

Apfel er þekkt fyrir litríkan fatastíl sinn og ber snyrtivörulína hennar þess merki. Varalitirnir bera heiti eins og Loudmouth Orange og fást naglalökkinn meðal annars í ljósbláum og lillabláum litum. Línun kemur í verslanir í Bandaríkjunum hinn 5. janúar.

Frú Apfel Iris Apfel er þekktur innanhússhönnuður og aðstoðaði snyrtivöru-fyrirtækið MAC við sköpun nýrrar línu.



augnablikið



MÆDGIN Fyrirsætan Jerry Hall mætti ásamt syni sínum Lucas Jagger á The Sun Military Awards síðustu helgi. Mæðginin voru klædd í sitt finasta púss og virtust skemmta sér vel.

NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Stefán Karlsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Cucu 81x41sm  
verð frá 59.900,-



Cucu 70x34sm  
verð frá 26.900,-



Cucu 34x18sm  
verð frá 12.900,-

Ný sending!

Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.



PPAR/TBWA-S&A - 102927

Opið í dag til kl. 22.00

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is  
Opið alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.

# JÓLAKÖTTURINN SANNARLEO

Bryndís Björgvinsdóttir, Dísá Jakobsdóttir og Sóley Stefánsdóttir eru á meðal þeirra rithöfunda og tónlistarmanna sem gefa út bækur og plötur. Föstudagur forvitnaðist um verk stúlkanna og fékk einnig að vita hvernig þær myndu haga jólnum í ár.



## Bryndís Björgvinsdóttir

**gaf út sína aðra barnabók í haust. Flugan sem stöðvaði stríðið hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og fjallar um flugu sem ákveður einn dag að stöðva stríð.**

Um hvað fjallar bókin? Hún segir sögu húsflugnanna Hermanns Súkkers, Kolkeðja, Fító, Rel og Flugunnar sem einn daginn ákveða að taka fótum saman um að stöðva stríð í fjarlægri borg með feikilega góðum árangri – þó ekki án fórnarkostnaðar.

Hvaðan sóttir þú innblástur fyrir bókina? Bara í þetta sígilda. Gömul og ný uppátæki manneskjunnar, náttúrunnar og samhengi(sleysi) hlutanna.

Hvað er efst á jólagjafalista þínum í ár? Þegar ég geng inn á víðjólleigu er eins og heilinn gleymi skyndilega öllum þeim kvikmyndatitlum sem ég á eftir að sjá og það sama má segja um jólin og jólagjafirnar. Það er eins og að upp úr fyrsta í aðventu fari mann að langa í æ minni og ómerkilegri hluti, eins og mandarínu eða eina piparköku, þangað til að mann langar í ekki neitt sérstakt og þá er einmitt komin aðfangadagur.

Hvar munt þú halda upp á jólin í ár? Í Hafnarfirði hjá móður og föður.

Hver er skemmtilegasta jólaminning þín? Það er heildar-



minning alls þessa sem gerist aftur og aftur á jólnum: Að þræta um það hvort fara skuli í kirkju, velta fyrir sér hvað orðið „meinvill“ þýðir og grufla síðan í forréttinum sem er rækjukokkteill um leið og ég velti fyrir mér hvort það sé viðeigandi að hafa orð á því að

## Sóley Stefánsdóttir gaf út sína fyrstu breiðskífu í haust og ber hún titilinn We Sink. Platan hefur fengið glimrandi dóma og lýsir Sóley tónlistinni sem draumkennari.

Lýstu tónlistinni á plötunni: Takmarkið var að hugsa lögin sem eins konar drauma því draumar geta verið skemmtilega skrátnir og draugalegir á stundum.

Hvaðan sóttir þú innblástur fyrir plötuna? Aðallega inn í minn ímyndaða veruleika og svo las ég líka ljóð og hlustaði á músík sem hefur væntanlega haft ómeðvit- uð áhrif.

Hvað er efst á jólagjafalista þínum í ár? Svona í alvöru, þá vantar mig bíl. En það er kannski þínu dýr gjöf þannig að ætli ég fái ekki bara tónlist og kannski pening til að geta safnað mér upp í bíl.

Hvar munt þú halda upp á jólin í ár? Ég held ég verði hjá þabba. Það er þínu ruglandi að eiga stóra fjölskyldu því allir vilja hafa alla hjá sér um jólin.

Hver er skemmtilegasta jólaminning þín? Ætli bestu minningarnar komi ekki bara ár hvert í faðmi fjölskyldunnar.

Trúir þú á jólaköttinn? Já, ó já. Þegar ég var lítil var ég ótrúlega hrædd við hann. Það var til lag um jólaköttinn og ég fór alltaf að gráta þegar ég heyrði það. En nú finnst mér hann töff.



## JÓLAGJAFIR GOLFARANS



Pro Quip regnfatnaður er valinn af Ryderliðum Evrópu og USA

Mjög góð vatnsvörn og öndun, liprir og hljóðlátir á góðu verði. Fyrir dómur herra og unglinga.



Barnagolf  
Barnagolfsett í standpoka frá kr.

**19.900**

Stakar kylfur, driverar, hanskar ofl.

**20% jólaafsláttur af golfpokum.**



Kerrur

Vandaðar þriggja hjóla kerrur, verð frá **17.900**



Opnunartími  
Þorláksmessa  
11-22  
Aðfangadagur  
10-12

**Golf** outlet

## GA TIL

Ötur fyrir jólin.



jólaforðunin  
\*  
\*

### Stúlkurnar eru farðaðar með MAC.

Bryndís Jakobsdóttir er með Expensive pink-augnskugga, Creme D'Nude og Boldly Bare-varalit og gloss og Something Special og Pearl Creamcolour Base-kinnaliti.

Sóley Stefánsdóttir er með Cranberry-augnskugga, Price Noir Limited-varalit og Soft and Gentle og Matte Bronze-kinnaliti.

Bryndís Björgvinsdóttir er með Groundwork Paint Pot-augnskugga, Fashion Whim-gloss á vörum og Breth of Plum-kinnaliti.



Something Special

Soft and Gentle

Creme D'Nude

Groundwork Paint Pot

ég borði ekki rækjur og hafi aldrei gert. Þegar svona hlutir eru farnir að gerast oft verða þeir ósjálfrátt skemmtilegir. Jafnvel ómissandi.

Trúir þú á jólaköttinn? Hann var algengur fyrr á öldum en hefur ekki sést síðan Íslendingar urðu á meðal neysluóðustu þjóða heims.

## Bryndís Jakobsdóttir

er annar hluti dúettsins Song for Wendy sem gaf nýverið út plötuna Meeting Point. Bryndís segir nýtt par af skóm vera efst á jólagjafalista í ár eins og fyrri ár.

Lýstu tónlistinni á plötnunni: Þetta er ljúf rótartónlist með listrænu poppívafi.

Hvaðan sóttir þú innblástur fyrir plötuna? Í Neil Young, Marilyn Monroe og Brian Eno.

Hvað er efst á jólagjafalista þínum í ár? Ég held að það séu nýir skór eins og alltaf. Ég er batnandi skóböðull.

Hvar munt þú halda upp á jólin í ár? Aðfangadag verð ég hjá pabba og jóladag verð ég hjá mömmu.

Hver er skemmtilegasta jólaminning þín? Ég man það ekki. Ég á einungis skemmtilegar jólaminningar. Gæti samt verið annað hvort fyrstu jólin mín með Jarúnu systur eða þegar ég var lítill á jólaballi og mamma reyndist vera jólasveinninn.

Trúir þú á jólaköttinn? Já, ég veit að það er til jólaköttur, en ég trúir ekki að hann borði annað en sjávarfang og þurrmat.

Texti: Sara McMahon Myndir: Stefán Karlsson Forðun: Ásdís Gunnarsdóttir og Dýrleif Sveinsdóttir hjá MAC Fatnaður: Kiosk Sérstakar þakkir fær Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur



## NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaeindir (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[ LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI ]



# Dúkkuhúsið



Fylgdu okkur á



Dúkkuhúsið ★ Vatnsstigur 3 ★ 101 Reykjavík ★ Sími 5170044

Saga Sigurðardóttir er best klædda kona ársins:

## GLAÐLEGUR OG LITRÍKUR STÍLL

**S**aga Sigurðardóttir ljósmyndari var kosin best klædda kona ársins 2011. Hún þykir hafa persónulegan og litríkan stíl en Saga kveðst hrifin af sterkum litum og öllu sem glitrar auk þess sem hún fer sjaldan út úr húsi án þess að vera með varalit.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum persónulega stíl?**

Ég klæðist yfirleitt mjög litríkum fötum. Ég elska falleg munstur og blanda þeim stundum saman á skringilegan hátt. Ég hrífst af fatnaði með skemmtilegri áferð, sterkum litum, þykkbotna hælum, öllu sem glitrar og stórum hálsmenum. Ég er líka alltaf með varalit.

**Spáir þú mikið í tiskuna yfirleitt eða klædistu bara því sem þér þykir fallett óháð straumum og stefnum?**

Ég vinn í tiskubransanum og það er hluti af starfinu að fylgjast vel með tiskunni, í myndatökum og á tiskuvikunni í London fæ ég oft að sjá og snerta dásamlegar flikur sem eru ekki enn komnar í búðir. Kannski mætti segja að ég hafa alltaf klætt mig eins og ég geri núna, þegar ég var lítil var ég alltaf í litríkum kjólum og sokkabuxum og með öll hálsmenin mín í einu. Á gelguskeiðinu týndi ég mér aðeins og eltist mikið við tiskubólur og gekk til dæmis í gegnum Verslópiu tímabil þar sem lifði snerist um Diesel-gallabuxur og nu-rave tímabil. En maður þarf að gera mistök og prufa sig áfram með fatastíla sem og í lífinu. Núna veit ég hvað ég vil og hvað klæðir mig best.

**Áttu þér þína eigin tiskufyrirmynd?**

Já allar dömurnar sem birtast á vefsíðunni Advancedstyle.blogspot.com. Þær eru svo ótrúlega flottar! Ég er líka ótrúlega hrifin af Iris Apfel textílhönnuði og svo á ég mjög smart fjölskyldu. Ég er mjög lík Öldu ömmu minni, hún er komin á níræðis aldur og gengur ennþá í bleikum sokkabuxum og doppóttum kjól og veit allt um tisku, stundum jafnvel meira en ég. Það eru svo margar flottar konur í kringum mig og nokkrar sem eru svo flottar að það er sama hverju þær klæðast. Susie Bubble, Fred Butler, Anna Trevelyan, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Katrín Alda Rafnsdóttir eru í þeim hópi.

**Hvað finnst þér um það að hafa verið valin Best klædda kona ársins?**

Ég er mjög upp með mér og finnst það mikill heiður.

**Hver er dýrmætasta flikin sem þú átt inni í fataskápnunum og hvaða flik notar þú mest?**

Dýrmætustu flikurnar eru þær sem mér hafa verið gefnar af fjölskyldu og vinum. Mamma þrjár mikið á mig og þrjár meðal annars peysu sem er eins og sjórin á



1

**Saga Sigurðardóttir**

„Saga er með mjög sérstakan og flottan stíl sem er mjög persónulegur. Hún er ávallt skefi á undan og því athyglisvert að fylgjast með henni.“ - **Stefán Svan Aðalheiðarson**.

„Saga er mjög listræn og smart.“ - **Ingibjörg Gísladóttir**

„Stíllinn hennar er algjört ævintýri, mjög jarðbundinn en samt svo litríkur og flæðandi. Algjör hafsþór af nýjum hugmyndum og fegurð.“ - **Ísak Freyr Helgason**.

MYNDR/SAGA SIG



2

**Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir**

„Hrafnhildur kann svo sannarlega að setja saman hluti og kemur með gullmola í hvert sinn sem hún setur saman flikur.“ - **Ísak Freyr Helgason**.

„Hrafnhildur er alltaf glæsileg til fara.“ - **Guðmundur Jörundsson**.



3

**Svala Björgvinsdóttir**

„Það sem gerir stíllinn hennar Svölu svo fallegan er það hversu vel hún kann að setja saman ólíklegustu flikur og útkoman verður alltaf stórkostleg.“ - **Ísak Freyr Helgason**.

„Hún tjáir sig mikið með fatnaði og er alltaf skefi á undan, virðist vera með þetta í blóðinu.“ - **Ingibjörg Gísladóttir**.

**Ingibjörg Gréta Gísladóttir**, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway.

**Stefán Svan Aðalheiðarson**, innkaupastjóri hjá Sævari Kari.

**Guðmundur Jörundsson**, fatahönnuður.

**Ísak Freyr Helgason**, förðunarfræðingur.

**Jóhanna Pálsdóttir**, framkvæmdastjóri Elite Models á Íslandi.

Íslandi, í alls konar bláum, grænum og gráum tönnum. Ég sakna þess að geta ekki séð sjóinn og fá kaldan vindinn í andlitnið og finnst eins og ég sé heima þegar ég klæðist þessari peysu. Ég á líka nokkra hringi með íslenskum steinum og fæ sömu tilfinningu þegar ég geng með þá, eins og ég fái strauma frá íslenskri náttúru. Mest notaða flikin mín er blá peysa frá Henrik Vibskov og „gönguskórnir“ mínir frá Miistu sem vinkona mín, Laura,

hannar. Það eru þægilegustu háu hælur sem ég hef átt.

**Ef þú fengir að ferðast aftur í tímann, hvaða ár myndir þú vilja heim-sækja og af hverju?**

Ég væri frekar til í að ferðast til framtíðar en fortíðar. En hvað varðar tisku og tímabil þá passa ég mig á því að klæðast ekki of tímabilslega. Ef ég er í einhverju 60s eða 70s reyni ég að gera það nútímalegt með því að klæðast einhverju sem er í mótsögn við það.



**Þessar voru einnig tilnefndar:**

**Hjördís Gissurardóttir**. „Hún er glæsileikinn uppmálaður.“ - Jóhanna Pálsdóttir.

**Dorrit Moussaieff**. „Hún er alltaf með puttann á púlsinum.“ - Ingibjörg Gísladóttir.

**Dýrleif Ýr Örlýgsdóttir**. „Alltaf til fyrirmyndar.“ - Guðmundur Jörundsson.





**Farmers Market**  
Iceland



## YFIRHEYRSLAN

**Björn Bragi Arnarson**  
fjölmiðlamaður.

**Ertu A- eða B-mannskja?** Ég er mikil B-mannskja. Ég er lítið fyrir að fara að sofa.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Fjallkirkjuna eftir Gunnar Gunnarsson. Þetta er sannkallað þungavigtarverk í íslenski bókmenntasögu.

**Ef ég byggji ekki í Reykjavík, byggji ég í:** Hafnarfirði. Það er svo helvíti gott fólk þar.



**Hver eru nýjustu kaupin?** Dós af Quality Street. Það var verið að gefa að smakka í einhverri búð, ég fékk mér einn mola og mundi hvað það er gott þannig að ég fór rակleidis og keypti dós.

**Hvað dremmir þig um að eignast?** Núna langar mig í bíl því bíllinn sem ég er búinn að vera á síðan ég fékk bílpróf var að deyja. Blessuð sé minning Bláa þrumunnar.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Stæltir strákar með hljómsveitinni Jójó sem vann Músiktilraunir 1988. Ég er ekki frá því að það sé besta lag sem hefur verið samið.

**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég er ekki að lesa Fjallkirkjuna, ég laug því til að líta út fyrir að vera menningarlegur. Það síðasta sem ég las var utan á pakkann á Quality Street-dósinni.

**Uppáhalds-drykkurinn:** Vatn og kók.



# Tilbúnir forréttir - smáréttir

*ljúffengir beint á borðið*

Sveitapaté og grafið lambafile  
hlutu gullverðlaun  
Meistarafélags kjötiðnaðarmanna  
*árið 2010*

**Grafið lambafile** - Inniheldur grafið lambafile með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu. Gott að bera fram með piparrótarsósunni, salati og ristugu brauði sem forrétt fyrir 4-5. Einnig gott að bera fram með graflaxsósu, kexi og berjasultum.

**Sveitapaté** - Inniheldur sveitapaté, rífsberjahlaup og hindberjasósu. Gott að bera fram með hindberjasósunni, rífsberjahlaupinu, salati og ristugu brauði sem forrétt fyrir 4-5. Einnig gott að bera fram með kexi og berjasultum.

**Nautavöðvi** - Inniheldur léttreyktan og grafinn nautavöðva og piparrótarsósu. Gott að bera fram með fersku salati, piparrótarsósu og bláberjum eða vinberjum sem forrétt fyrir 4-5.

**Taðreykt lambainnráleri** - Inniheldur taðreykt lambainnráleri og piparrótarsósu. Gott að bera fram með melónu, piparrótarsósu og fersku salati sem forrétt fyrir 7-8.

*Hafðu það einfalt og gott...*

Fæst í: **HAGKAUP** **BONUS**  
Ein ferð betur vörð

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Sveitapaté frá okkur hlaut gullverðlaun Meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2010 og sem besta varan í flokki kæfur og paté

Grafið lambafile frá okkur hlaut gullverðlaun Meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2010

*Létt jólastemning*

# LÉTT BYLGJAN

967